


VARÐSKIPIÐ ÞÓR - HELSTU STÆRÐIR

- Lengd 93,80 m
- Brúttótonn..... 4.049 tonn
- Breidd 16,00 m
- Ganghraði 19,5 sjómíllur
- Dráttargeta 120 tonn
- Mesta djúprista 5,80 m
- Áhöfn..... 14-48 manns
- Björgunarbúnaður 48 manns

 **Rolls-Royce**
UT-Design™
UT 512 L
COASTGUARD VESSEL



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

SKÓGARHLÍÐ 14 105 REYKJAVÍK ICELAND
TEL. +354 545 2000 FAX +354 545 2001 WWW.LHG.IS



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

V/S ÞÓR



ÁKVÖRDUN

Ríkisstjórn Íslands samþykkti þann 4. mars 2005 tillögu Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra um endurnýjun skipa og flugvélar Landhelgisgæslu Íslands. Talið var brýnt að ákvörðun væri tekin og síðan ráðist í framkvæmd sem myndi tryggja besta notagildi tækjanna á hagkvæmstu kjörum.

ÞARFAGREINING

Parfagreining varðandi kaup eða leigu á fjölnota varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands var kynnt 31. september 2005. Helstu kröfur voru að skipið yrði að geta sinnt öryggisgæslu og eftirliti, mengunarvörnum, afgreitt eldsneyti til björgunarpyrly á flugi og brugðist við í þágu almannaþinga hvar sem er á landinu. Skipið gæti stutt við viðbrögð og varnir gegn hryðjuverkaógn, nýst til samvinnu við sérsveit lögreglunnar og tollgæslu auk þess að sinna björgunarstörfum hverskonar. Dráttarafl skipsins tæki mið af stóraukinni umferð stórra farþega-, flutninga- og olíuskipa um efnahagslög-söguna og við stendur landsins.

ÚTBOÐ

Opnun á umsóknum um þátttöku í lokuðu útboði um smíði á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna og dómsmálaráðuneytið fór fram 12. janúar 2006 hjá Ríkiskaupum. Fimmtán aðilar frá tólf löndum sendu inn umsóknir.

SKIPASMÍÐASTÖÐVAR VALDAR FÜRIR TILBOÐSGERÐ

Þann 25. september 2006 var tilkynnt um þá aðila sem urðu fyrir valinu eftir forval og lokað útboð sem Ríkiskaup f. h. Landhelgisgæslu Íslands efndi til vegna smíði á nýju varðskipi fyrir LHG. Þessir aðilar voru: Aker frá Noregi, Asmar frá Chile, Bergen frá Noregi,

Damen frá Hollandi, Peene-Werft frá Þýskalandi og SIMEK frá Noregi. Öll tilboðin voru byggð á sömu hönnun frá Rolls Royce – nema eitt, tilboð Peene Werft var þeirra eigin hönnun.

STÆRÐIR Í ÚTBOÐI

Samanburður á stærðum v/s TÝR og v/s ÞÓR:
v/s TÝR - helstu stærðir

Brúttótonn 1.271 tonn
Lengd 71,15 m
Breidd 10,00 m
Mesta djúprista 5,80 m
Ganghraði á 90% krafti (MCR) . 17,8 hnútar
Togkraftur 56 tonn

v/s ÞÓR - helstu stærðir

Brúttótonn 4.049 tonn
Lengd 93,80 m
Breidd 16 m
Mesta djúprista 6,50 m
Ganghraði á 90% krafti (MCR) ... 18 hnútar
Togkraftur 120 tonn

TILBOÐ SEM BÁRUST

SIMEK 33.100.000 €
Peene-Werft 36.800.000 €
Damen 30.600.000 €
Asmar 27.261.000 €
Asmar boð nr. 2 27.863.000 €

SAMNINGUR UNDIRRITADUR

Hinn 20. desember 2006 rituðu Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Georg Kr. Lárusson forstjóri Landhelgisgæslu Íslands undir smíðasamning við Carlos Fanta de la Vega, aðmíral í Chileanska sjóhernum og yfirmann ASMAR skipasmíðastöðvarinnar í Chile um smíði á nýju varðskipi. Ríkiskaup komu að gerð samningsins ásamt fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Landhelgisgæslu Íslands.

UPPHAF SMÍÐINNAR

Smíði nýs varðskips fyrir Landhelgisgæsluna hófst þann 16. október 2007.

SJÓSETNING

Varðskipið var sjósett 29. apríl 2009 við hátíðlega athöfn í ASMAR skipasmíðastöð sjóhersins í Chile. Varðskipið hlaut nafnið ÞÓR sem dregið er úr norrænni goðafræði.

JARÐSKJÁLFTI

Öflugur jarðskjálfti, 8,8 stig á Richter reið yfir Chile laugardaginn 27. febrúar 2010. Í kjölfar jarðskjálftans reið gífurleg flóðbylgja yfir svæðið og olli hún mikilli eyðileggingu. Miklar skemmdir urðu á skipasmíðastöðinni ASMAR í Talchuanu þar sem ÞÓR, nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar var í smíðum.

SEINKANIR

Vegna jarðskjálftans og flóðbylgjunnar seinkaði afhendingu varðskipsins um rúmlega eitt ár. Miklar skemmdir urðu á skipasmíðastöðinni. Þegar varðskipið var tekið í þurrkví tveimur mánuðum eftir náttúruhamfarirnar kom eftirlitsmönnum á

óvart hversu litlar skemmdir höfðu í raun orðið á skipinu sjálfu.

SAMNINGSVERÐ OG KOSTNAÐUR

Yfirlit yfir samningsverð smíðinnar:

Samningverð 29.400.000 €
Tafabætur 8 % -2.352.000 €
Marorka 261.978 €
– íslenskt orkustjórnunarkerfi
Fjölgeislamælir 491.348 €
Mengunarvarnarbúnaður . 1.083.968 €
Alls 28.885.294 €

Kostnaður er innan heildaráætlunar.

ÁHÖFN OG BJÖRGUNAR- BÚNAÐUR

Í áhöfn Þórs er gert ráð fyrir 14 til 48 manns. Björgunarbúnaður verður fyrir 48 manns.

AFHENDING

Varðskipið Þór er afhent í Chile 23. september 2011 og er áætlað að varðskipið komi til Íslands 27. október 2011.

